

Ed.

520. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um aukna löggæslu.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

1. Við 1. gr.:

Orðin »eftir því sem þörf krefur« falli niður.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr., svo hljóðandi:

Fyrst um sinn skulu skipaðir löggæslumenn í kaupstöðunum utan Reykjavíkur, svo og í Vestmannaeyjum, einn á hverjum stað, og skulu þeir hafa að launum 1500 kr. á ári, auk dagpeninga og ferðakostnaðar eftir reikningi, er stjórnarráðið úrskurðar.

Greinatalan breytist eftir því.

3. Við 2. gr., er verður 3. gr.:

Orðin »ákveður laun þeirra og ferðakostnað« falli niður.